


Aðgerðaráætlun Draumalands

2025-2026



INNGANGUR

Frístundaheimilið Draumaland heyrir undir frístundamiðstöðina Tjörnina sem þjónustar Vesturbæ, Miðborg og Hlíðar. Tjörnin heyrir undir skóla- og frístundasvið Reykjavíkur.

Draumaland þjónustar börn á aldrinum 6-9 ára í Austurbæjarskóla.

Forstöðumaður er Þorbjörg Roach Gunnarsdóttir og aðstoðarforstöðumaður er Daniel Diaz Garcia. Þar að auki vinna um það bil 12 starfsmenn í Draumalandi sem eru margir með fjölbreytta menntun og reynslu og eru til þess fallin að auðga og efla starfið með börnunum.

HLUTVERK OG GILDI TJARNARINNAR

Frístundamiðstöðin Tjörnin hefur einsett sér að vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi og rík áhersla er lögð á að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri og þroska. Til þess að ná því vinnum við með virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi og hugum sérstaklega að því að virkja börn og unglinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegrar stöðu. Starf á vegum frístundamiðstöðva er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og unglinga í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu. Við höfum sett okkur gildi sem leggja grunn að öllu okkar starfi, gildin okkar eru:

FRAMSÆKNI - gott getur alltaf orðið betra!

UMHYGGJA - okkur er ekki sama!

FJÖLBREYTILEIKI - með opnum hug opnast dyr!

UM AÐGERÐARÁÆTLUNINA

Aðgerðaráætlun þessi er unnin sem liður í starfsætlun Tjarnarinnar, en starfsáætlanir frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs eru unnar út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast“ og stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til

2026. Einnig er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknum á stöðu barna og unglinga í hverfinu.

Draumaland fylgir starfsáætlun Tjarnarinnar sem tekur gildi 1. september 2025 og nær til 31. ágúst 2026. Hægt er að nálgast hana á heimasíðu Tjarnarinnar www.tjornin.is. Þar má finna nánari upplýsingar um markmið og leiðir í starfinu.

MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR

Menntastefna Reykjavíkurborgar er ætlað að endurspegla grunngildi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess, með það að markmiði að búa það undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar, þar sem við leitum fjölbreyttra leiða til að fá fram sjónarmið og raddir barnanna og notum við til þess fjölbreyttar leiðir. Eitt af því sem við gerum er að hafa hugmyndakassa þar sem þau geta sett hugmyndir og tillögur til starfsmanna hvenær sem þeim dettur í hug og úr þeim er unnið. Við minnum reglulega á hugmyndakassann og bjóðumst til að aðstoða börnin við að koma hugmyndum sínum í kassann. Einnig verður starfrækt Barnaráð í vetur („Draumalandið okkar“ er vinnuheitið), en þar munum við ræða Draumaland við börnin, hvað við getum gert (bæði börn og starfsmenn) t.d. til að stuðla að góðum samskiptum og umgengni til að öllum líði sem best í Draumalandi. Einnig munum við á þessum fundum fá hugmyndir frá börnunum varðandi dagskrá, klúbbastarf og fleira – sem við reynum svo að framkvæma eftir bestu getu.

Við erum dugleg við að nota opinn efnivið og flétta tækninni inn í starfið okkar þannig að krökkum gefist færi á að fá sem flesta snertifleti við verk-, tækni- og listnám. Við leggjum áherslu á skapandi verkefni, hvort sem er í stuttum smiðjum eða lengri klúbbum og reynum að flétta saman skapandi vinnu og verklegri vinnu þar sem þau þjálfast í meðferð áhalda, s.s. með skartgripagerð, vísindatilraunir, ljósmyndum o.s.frv. Annar liður í því að innleiða Menntastefnu Reykjavíkurborgar í starfi okkar eru þemavikurnar. U.þ.b. einu sinni í mánuði er þemavika sem snýr bæði að menntastefnunni og barnasáttmálanum. Í þemavikunum eru á boðstólnum ýmsar smiðjur og föndur sem við hvetjum börnin til að taka þátt í og stuðla að fræðslu og eru áhugahvetjandi fyrir börnin. Dæmi um þemavikur eru t.d. Réttindavika, barnamenningsvika, fjölbreytileikavika, heilsuvika og vísindavika.

Grundvallarþættir Menntastefnunnar eru fimm, sjá nánar hér að neðan:

FÉLAGSFÆRNI:

Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Starf í frístundaheimilunum er í eðli sínu þjálfun í eflingu félagsfærni og markvisst er unnið með félagsfærni í gegnum félagsfærnileiki, samvinnuverkefni og vináttuþjálfun, ásamt því sem börnunum er leiðbeint um samskipti í leik og við lausn ágreinings. Við veitum börnum fjölbreyttan vettvang til þess að tjá skoðanir sínar, leggjum áherslu á að þau þjálfist í að tjá skoðanir sínar, læti að hlusta á skoðanir annarra og virða þær. Börnum er leiðbeint um hvernig leysa má friðsamlega úr ágreiningsmálum og þeim veitt leiðsögn í samskiptum, samvinnu og samkennd og þeim veitt tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri í fjölbreyttu, lýðræðislegu samstarfi.

SJÁLFSEFLING:

Sterk sjálfsmynd barna og trú á eigin getu er einhver besti grunnur sem hægt er að veita barni út í lífið. Sjálfsefling felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu og að það læri að þekkja styrkleika sína og veikleika. Við leggjum áherslu á að kenna börnunum sjálfsaga og að efla með sér þrautseigju og seiglu. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti, læra að leysa ágreining friðsamlega og lifa í sátt við aðra. Sjálfstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og almennt árangur í lífinu. Við leggjum á það ríka áherslu að efla börnin og styðja í því að verða sterkir, sjálfbjarga einstaklingar, en það gerum við m.a. með því að þjálfum þau í því að taka sjálfstæðar ákvarðanir, að ögra þeim og kenna þeim að standa með sjálfum sér, að hjálpa þeim að þekkja sig sjálf og tilfinningar sínar, hjálpa þeim að átta sig á hvað þau vilja og opna hug þeirra fyrir hugmyndum og fólki. Við veitum þeim jákvæða hvatningu til að koma eigin hugmyndum í framkvæmd, en einnig hjálpum við þeim að bjarga sér í hversdeginum, svo sem með því að hjálpa þeim að læra á nærumhverfi sitt, læra á klukku og að passa tímann sinn, læra að gera sér einfaldan mat svo þau eigi auðveldara með að sjá um sig sjálf þegar þau eru vaxin upp úr frístundaheimilinu o.s.frv.

SKÖPUN:

Í frístundaheimilunum er lögð rík áhersla að vinna sköpun og skapandi viðfangsefnum og því bjóðum við ávallt upp á fjölbreytt úrval af viðfangsefnum sem stuðla að sköpun og skapandi hugsun. Fjölbreytni er í skapandi viðfangsefnum, þeim er gert jafn hátt undir höfði og öðrum verkefnum og áhersla er á að börnin hafi gott aðgengi að skapandi efnivið þar sem þau hafa val um að vinna eftir fjölbreyttum leiðum. Auk þess tókum við þátt í listaviðburðum eins og barnamenningarhátíð og heimsækjum reglulega söfn og aðrar menningarstofnanir. Við erum dugleg að nota opinn efnivið og flétta tækninni inn í starfið okkar þannig að krökkum gefist færi á að fá sem flesta snertifleti við verk-, tækni- og listnám. Við leggjum áherslu á skapandi verkefni, hvort sem er í stuttum smiðjum eða lengri klúbbum og reynum að flétta saman

skapandi vinnu og verklegri vinnu þar sem börnin þjálfast í meðferð áhalda, s.s. með skartgripagerð, tálgun, ljósmyndum o.s.frv.

HEILBRIGÐI:

Undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Í hnotskurn má segja að sá einstaklingur sé heilbrigður sem hefur tileinkað sér heilbrigðan lífsstíl og öðlast hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði. Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi. Unnið er að því að skapa umræður um heilbrigði í víðum skilningi, t.d. vellíðan, margbreytileika, svefn og hollar lífs- og matarvenjur. Við störfum eftir gátlista skóla- og frístundasviðs um heilsueflandi frístundastarf og styðjum þannig að heildrænt heilbrigði barnanna og hjálpum þeim að leggja góðan grunn að heilbrigðum lífsstíl.

LÆSI:

Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýninn hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákn. Í víðtækri merkingu vísar hugtakið einnig til læsis á ólíka miðla, umhverfi, hegðun og aðstæður. Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst með máluppeldi barna við fæðingu. Við vinnum með að efla þekking og skilning barna á samfélagi sínu og umhverfi, eflum með þeim miðlalæsi, menningarlæsi og svo almennt ritmáls læsi með fjölbreyttum verkefnum, svo dæmi séu tekin um hvernig unnið er með læsi í frístundaheimilunum okkar en góð lestrar færni á íslensku lykill að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.

MÁLSTEFNA

Frístundaheimilið er einnig með virka málstefnu en hún felur það í sér að við mörkum okkur skýra stefnu um það að hafa áhrif á málnotkun á stöðunum okkar og erum með skýrar hugmyndir um hvaða tungumál eigi að nota og hvenær. Málstefnan tekur einnig á því hvað sé talið gott og vandað mál og hvað skuli styðja við og viðhalda. Málstefna Tjarnarinnar byggir á málstefnu Íslands þar sem fram kemur að málfærni leggur grunn að síðara námi og að íslenska sé ekki einvörðungu námsgrein heldur mikilvægasta verkfærið í öllu námi. Málstefnan tengist einnig öllum fimm grunnþáttum menntastefnu Reykjavíkurborgar, en þeir eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Eitt af þeim tækjum sem við notum í frístundaheimilinu til að styðja við málstefnuna og læsisþáttinn í menntastefnunni er frístundalæsi, en það er verkefni þar sem læsi hefur verið skipt í sjö tegundir læsis sem frístundaheimili vinna hvað mest með að undanskildu hefðbundnu læsi. Þessar tegundir læsis eru; félagslæsi, lista- og menningarlæsi, miðlalæsi, samfélagslæsi, vísindalæsi, náttúru- og umhverfislæsi og heilsulæsi.

NÁLGUN VIÐ GERÐ AÐGERÐARÁÆTLUNAR

Við gerð þessarar aðgerðaráætlunar var leitast við að hafa víðtækt samráð við sem flesta hagsmunaaðila til þess að geta sem best mætt þörfum þeirra og óskum um þjónustu. Meðal annars var leitað eftir hugmyndum barnanna um það hvernig þau vilja sjá starfið fyrir sér og hvaða smiðjum og klúbbum þau hefðu áhuga á. Einnig voru starfsmenn virkir í vinnunni að koma með ýmsar góðar tillögur að verkefnum þar sem við náum að koma framangreindum markmiðum og áherslum í aldursviðeigandi og áhugahvetjandi verkefni fyrir krakkana - þar sem grunnþættir og leiðarljós menntastefnunnar eru í fyrirrúmi.

AÐGERÐARÁÆTLUN 2025-2026

Aðgerðaráætlun er í takt við skólaárið og nær frá 1. sept 2025 til ágúst 2026. Hér á eftir munum við lista upp helstu verkefni og viðburði hvers mánaðar fyrir sig. Þess ber að geta að þessi listi er ekki tæmandi eða bindandi, enda er starfið okkar lifandi vettvangur sem tekur mið af þörfum þess barna- og starfsmannahóps sem hjá okkur er. Hann á þó að gefa góða mynd af því hvernig við vinnum og hvernig við setjum framangreind markmið og áherslupætti í framkvæmd í raunverulegum verkefnum. Ávallt er boðið upp á útiveru, hreyfingu og frjálsan leik í bland við fjölbreyttar smiðjur, klúbba og þematengd verkefni.

Með þessu móti náum við góðu jafnvægi á milli þess að leyfa börnunum að njóta sín með félögum sínum og sinna sínum áhugasviðum þegar formlegri dagskrá skólans lýkur og að fá útrás fyrir hreyfipörf sína, náttúrulega forvitni og skapandi hugsun þannig að þau fái sem mest út úr veru sinni í frístundaheimilinu.

Áhersla verður lögð á það að styðja við lestrarnám barnanna með óformlegum hætti, svo sem með því að hafa gott aðgengi að bókum í frístundaheimilinu. Við erum einnig í samstarfi við skólabókasafnið sem við bjóðum upp á sem valstöð þegar færi er á og reynum að ýta undir og hvetja til áhuga á bókum og lestri.

Við reynum að hafa ritmálið sýnilegt í umhverfinu, m.a. með því að merkja helstu hluti og rými í starfinu með bæði orði og mynd. Þannig náum við líka að styðja við og ýta undir markvisst íslenskunám hjá börnum sem ekki eru með íslensku að móðurmáli.

Samvera og vinátta eru einnig áherslupættir í Draumalandi og ætlum við að leggja áherslu á samheldni þvert yfir barna- og starfsmannahópinn og sérstaka áherslu á að auka þátttöku barna af erlendum uppruna í frístundastarfi.

Við verðum með svokallaðan „vinaklúbb“ í útiveru þar sem við tökum börnin inn í minni hópum og vinnum með þeim í félagsfærni með ýmsum leiðum, svo sem samvinnuleikjum/spilum, umræðum, verkefnum og almennt bara góðum samverustundum.

Einu sinni í viku höldum við sérstakan **4. bekkjar** klúbb þar sem við gerum skemmtilega hluti í samstarfi við börnin í 4. bekk. Markmiðið er að aðlaga starfið betur að 4. bekk og reyna þar með að halda þeim í frístundastarfinu. Í klúbbnum hafa börnin meiri áhrif á dagskrá og finna fyrir hvatningu til áframhaldandi þátttöku í Draumalandi.

HELSTU DAGSETNINGAR

ÁGÚST

Ráðning nýrra starfsmanna í fyrirrúmi

20. ágúst - Síðasti dagur í sumarfrístund.

21.-22. ágúst - Starfsdagar frístundaheimila Tjarnarinnar. Lokað í Draumalandi.

22. ágúst - Skólasetning - Lokað í Draumalandi

25. ágúst - Fyrsti dagur vetrarfrístundar fyrir börn í 2.-4. bekk sem fengið hafa pláss

26. ágúst – Fyrsti dagur vetrarfrístundar fyrir börn í 1. bekk.

SEPTEMBER

22. september - Foreldrakynning barna í 1. bekk (og annarra nýrra barna).

Klúbbastarf byrjar

Kynnum vináttuþjálfunarverkefnið fyrir starfsmönnum

22.-26. september - Heilsuvika, fyrsta sameiginlega þemavika frístundaheimila Tjarnarinnar, samhliða evrópsku heilsuvikunni Beactive.

OKTÓBER

2. október – Heill dagur í Draumalandi (lengd viðvera), opið 8-17. Skráning nauðsynleg, fer fram á vala.is.

14. október - Heill dagur. Draumaland opið 8-17. Skráning nauðsynleg, fer fram á vala.is

13. - 17. október - Vísindavika, önnur sameiginleg þemavika frístundaheimila Tjarnarinnar.

23. október – Starfsdagur í Draumalandi. **Lokað.**

24., 27. og 28. október - Haustfrí. Lokað í Draumalandi.



NÓVEMBER

Foreldraviðtöl auglýst fyrir þau sem vilja

17. - 21. nóvember - Réttindavika barna. Þriðja sameiginlega þemavika frístundaheimila Tjarnarinnar. Börn frædd um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og réttindi sín.

26. nóvember - Heill dagur (lengd viðvera) - Skráning nauðsynleg.

Undirbúningur fyrir jólamarkað Draumalands þar sem gott málefni verður styrkt.

DESEMBER

Jólafondur og jólagleði

11. desember - Jólamarkaður Tjarnarinnar til styrktar SOS Barnaþorpa



18. desember - Skertur skóladagur/Jólaball. **Ath, skóli klárast fyrr en vanalega, en Draumaland opnar á hefðbundnum tíma kl. 13:40.**

19., 22., 23., 29. og 30. desember - Heilir dagar (lengd viðvera) í Draumalandi vegna jólaeyfis í skóla. Skráning nauðsynleg.

24., 25., 26. og 31. desember – Jólafrí. Lokað í Draumalandi.

JANÚAR

1. janúar – Jólafrí. Lokað í Draumalandi.

2. janúar - Heill dagur (lengd viðvera) - Skráning nauðsynleg.

12. - 16. janúar - Fjölmenningsvika. Sameiginleg þemavika frístundaheimila Tjarnarinnar.

FEBRÚAR

5. febrúar - Nemendastýrð foreldraviðtöl í Austó. Heill dagur (lengd viðvera) í Draumalandi. Skráning nauðsynleg.

6. febrúar - Heill dagur (lengd viðvera) – Skráning nauðsynleg.

9. - 13. febrúar - Miðlalæsisvika, þemavika frístundaheimila Tjarnarinnar.



18. febrúar – Öskudagur. Skertur dagur í skóla, Draumaland opnar á hefðbundnum tíma, kl. 13:40. Má koma í búningum, andlitsmálning og fjör.

19. og 20. febrúar - Vetrarfrí. Lokað í Draumalandi.

Fjölskylduviðburður í vetrarleyfi í boði Tjarnarinnar

MARS

16. - 20. mars - Umhverfisvika, þemavika frístundaheimila Tjarnarinnar.

30. og 31. mars - Heilir dagar (lengd viðvera) vegna Páska. Skráning nauðsynleg.

APRÍL

1. apríl - Heill dagur (lengd viðvera) vegna Páska. Skráning nauðsynleg.

2. - 6. apríl – Páskafrí. Lokað í Draumalandi.

20. - 24. apríl - Barnamenningarvika – þemavika frístundaheimila Tjarnarinnar í tengslum við Barnamenningarhátíð í Reykjavík.

23. apríl - Sumardagurinn fyrsti. Lokað í Draumalandi.

MAÍ

Í maí er lögð áhersla á útiveru og vettvangsferðir um nágrenni Austurbæjarskóla þegar veður og starfsmannafjöldi leyfir.

1. maí - Verkalýðsdagurinn – Lokað í Draumalandi.

4. maí - Heill dagur (lengd viðvera) - Skráning nauðsynleg.

11. - 15. maí - Fjölbreytileikavika – þemavika frístundaheimila Tjarnarinnar.

14. maí - Uppstigningardagur. Lokað í Draumalandi.

15. maí - Regnbogahlaup frístundaheimila Tjarnarinnar á Klambratúni.

25. maí - Annar í Hvítasunnu. Lokað í Draumalandi



JÚNÍ

9. júní - Skertur skóladagur/Útivistardagur í skóla. Lokað í Draumalandi.

10. júní - Skólaslit. Lokað í Draumalandi.

11. júní - Sumarstarf Draumalands hefst.